



Þrótt, menning, lífsstíll

## Skýrsla Ferða- og umhverfisnefndar þingsins

Ferða- og umhverfisnefnd þingsins skipuðu eftirfarandi fulltrúar:

Halldór H. Halldórsson	Andvara, formaður nefndarinnar
Einar Á. E. Sæmundsson	Loga
Guðrún E. Runólfsdóttir	Hringur
Bergljót Rist	Fákur
Ingólfur H. Arnarson	Blæ
Sigurður Guðmundsson	Ljúfi
Ólafur Tryggvason	Snæfellingur
Jón Rúnar Sig.	Snæfafa
Tryggvi Hrafn Sigurðsson	Feykir
Haukur Sigfússon	Létti
Ása Hólmarsdóttir	Dreyra
Ragnar Eðvarðsson	Brimfafa
Hilmar K. Larsen	Brimfafa
Rúnar Bjarnason	Mána
Guðrún Oddsdóttir	Fáki, ritari nefndarinnar
Óli Antonsson	Þjálf
Heiðrún Ósk Jakobínudóttir	Léttfeta
Hermann Vilmundarson	Gusti

Alls sátu átján fulltrúar í Ferða- og umhverfisnefnd, gestur nefndarinnar var Sæmundur Eiríksson varaformaður Samgöngunefndar LH.

Sex þingskjöl lágu fyrir nefndinni þ.e. þingskjöl nr: 9, 10, 24, 27, 45, og 46.

Farið var í þingskjölin eftir númeraröð, byrjað á þingskj. nr. 9 og svo koll af kolli. Nokkur umræða var um þingskjalið, þar sem formaður nefndarinnar útskýrði aðkomu sína og stjórnar LH að málinu frá árinu 2006. Þingskjal nr. 9 var samþykkt óbreytt í nefndinni. Í þingskjali nr. 10 var nefndin sammála um orðalagsbreytingar á tillögunni og er þingskjal 10 a, tillaga nefndarinnar. Þingskjal nr. 24 fékk talsverða umfjöllun í nefndinni og er þingskjal nr. 24 a tillaga nefndarinnar.

Þingskjal nr. 45 var samþykkt einróma í nefndinni, Sæmundur Eiríksson var fenginn til að kynna fyrir nefndinni þær hugmyndir sem liggja að baki þingskjalinu.

Þingskjal nr. 46 fékk einnig talsverða umfjöllun í nefndinni, almennt var ánægja um að hestamenn settur sér umgengis- og umferðarreglur, fram komu tillögur um orðalagsbreytingar, en sátt náðist um að hafa þingskjalið óbreytt þar sem um leiðbeinandi reglur er að ræða.